

Fundargerð stjórnar BÍS 22/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar: Samþykkt.
3. Úlfljótsvatn: Á sameiginlegum fundi stjórna Bandalags íslenskra skáta og Skátasambands Reykjavíkur 12. nóvember 2011 var viðuræðunefnd sem skipuð hafði verið á fundi þessara aðila 2. nóvember 2011 og skipuð er Ólafi Proppé, Arthur Péturssyni, Finnboga Finnbogasyni og Jónatan Smára Svavarssyni, einróma veitt umboð til að leggja fram kauptilboð í jörðina Úlfljótsvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands. ÓP sagði frá því að viðuræðunefnd skáta og fulltrúar Skógræktarfélags Íslands hafi undirritað kauptilboð til Orkuveitu Reykjavíkur, samtals að fjárhæð kr. 200 milljónir. Skátar og Skógræktarfélagið munu eiga jörðina að jöfnu, en Skógræktarfélagið mun eiga bæjarhúsin. Hlutur skáta í kaupverðinu er kr. 50 milljónir. Stjórn OR og borgarráð þurfa að fjalla um málið áður en niðurstaða fæst. Stjórn BÍS samþykkir tilboðið f.h. BÍS. Skátasamband Reykjavíkur hélt félagsforingjafund í gærkvöldi um málið og voru skiptar skoðanir þar um aðkomu SSR. Stjórn BÍS ræddi um nauðsyn þess að leita leiða til þess að byggja upp meira traust í samkiptum innan hreyfingarinnar.
4. Starfsyfirlit skrifstofu, formanns alþjóðaráðs, formanns upplýsingaráðs, starfsyfirlit landsmótsstjórnar, fundargerðir markaðsteymis og dagskrárteymis, fundargerð friðarþings og fundargerð afmælisárs lagðar fram. Rætt var um umfang þess verkefnis að BÍS taki við formennsku í norrænu samstarfsnefndinni.
5. Nýr starfsgrunnur
 - a. Útgáfa: Handbók fálkaskátaforingja fer í umbrot í næstu viku. Unnið hefur verið við umbrot leikjabókar og eineltisverkefnis. Verkefnabók dróttskáta er í yfirlestri hjá dróttskátum. Límmiðarnir í hvatakerfinu eru komnir í hús. BAÁ kynnti tillögur að nýjum aldursmerkjum í þremur stigum. Merkin eru ný útfærsla á gömlu merkjunum og munu leysa þau af hólmi smátt og smátt eftir því sem byrgðir eldri merkja klárast. Samþykkt.
 - b. Staðan: HGH hefur verið í sambandi við svæðisforingjana og gerir ráð fyrir að halda fund með þeim á næstunni. Svæðisforingjar hafa verið að tala við sín félög undanfarið og virðast þau öll vera að kynna sér þetta að einhverju marki en eru misjafnlega langt komin í ákvörðuninni um það hvenær þau ætla að hefja innleiðingu.
 - c. Næstu skref: Útlit er fyrir þónokkra eftirspurn eftir innleiðingarnámskeiðum í janúar.
6. Starfsáætlanir: HGH sagði að hún og HS hafi verið að fara yfir verkefni BÍS næsta árið til að reyna að átta sig á dreifingu álags. Rætt um nauðsyn þess að marka

stefnu um það hvaða þætti í stefnumörkuninni ætti að leggja áherslu á á árinu. Verður nánar rætt á næsta fundi.

7. Önnur mál:

- a. Bland í poka: Gekk vel, um 120 tóku þátt. Þátttakendur heldur yngri en í fyrra. Unnið er að endurmati. Stefnt er að því að halda Bland í poka aftur að ári.
- b. Erindi frá félagsfóringja Skf. Borgarness og boð frá Heiðabúum: Olgeir Helgi Ragnarsson, félagsfóringi skátafélags Borgarness sendi BB skemmtilegan póst þar sem sagt var frá öfluglu starfi félagsins. Heiðabúar buðu fulltrúum stjórnar BÍS, foreldrum og ýmsum öðrum úr sveitarfélaginu að vera við vígslu- og uppgönguathöfn nú í kvöld. Fossbúar buðu einnig foreldrum að vera við vígslu á dögnum. Það er ánægjulegt að skátafélögin eru að opna sína viðburði því það hjálpar til við að kynna hvað við erum að gera og hvað við stöndum fyrir. Þetta sýnir einnig að forysta félaganna er stolt af sínu starfi og þorir að sýna það, sem er mjög jákvætt.
- c. Skátaþing 2012 – Félagsofóringjafundur: Rætt var um tímaramma Skátaþings 2012. Samþykkt að hefja þingið föstudaginn 16.mars kl. 18:30 og slíta því laugardaginn 17.mars kl. 18:00. Laugardagskvöldið 17.mars verði síðan veisla.
- d. Boð á Sveitarfóringjakvöldverð Jamboree: Stjórn er boðið að taka þátt í kvöldskemmtun nk laugardag fyrir sveitarfóringja Jamboreeferðarinnar.
- e. Friðarloginn: Friðarloginn verður sóttur í Karmel klaustrið í Hafnarfirði fimmtudaginn 24.nóvember kl. 20:00. Farin verður hringferð um landið í næstu viku.
- f. Heimsóknir stjórnar BÍS til skátafélaganna: Rætt var um fyrirkomulag heimsókna.
- g. Stuðningur frá WOSM Europe: Á fundi Evrópustjórnar WOSM sl. helgi var ekki tekin afstaða til umsóknar BÍS um stuðning við innleiðingu dagskrárinnar, en óskað frekari upplýsinga um ýmsa þætti verkefnisins. Ósk BÍS um Tailored Support var vel tekið og verður væntanlega útfærð nánar í samstarfi við okkur.

Umræða; Starfsmannamál: Rædd voru verkefni skrifstofu BÍS og starfsmannahald.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:50

Fundargerð ritaði JA